

300. fundur

Föstudaginn 22. mars 2024, kl. 10:00 kom verðlagsnefnd búvara saman á fjarfundi. Fundinn sátu: Kolbeinn Hólmar Stefánsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Rafn Bergsson, Reynir Þór Jónsson, Pálmi Vilhjálmsson og Steinunn Bragadóttir. Hálfán Óskarsson og Hrannar Már Gunnarsson boðuðu forföll. Þá sátu einnig fundinn Arnar Freyr Einarsson, MAR. Sverrir Falur Björnsson, BÍ var gestur.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Drög að nýjum verðlagsgrundvelli

Á milli funda höfðu fulltrúar annars vegar SAM og hins vegar BÍ tekið saman greinargerðir um ýmis atriði sem vert væri að endurskoða í fyrirliggjandi drögum að nýjum verðlagsgrundvelli. Hagfræðistofnun HÍ hafði þegar brugðist við ábendingum og sent nefndinni uppfærð drög. Sverrir Falur hagfræðingur hjá BÍ var gestur á fundinum og fór hann yfir þau atriði sem BÍ gerði athugasemdir við fyrstu drög. Brugðist hafði verið við þeim flestum og kom fram að uppfærsla Hagfræðistofnunar hefði verið til bóta.

Ákveðið að eiga aftur fund í fyrstu viku aprílmánaðar, með Hagfræðistofnun um drög að nýjum verðlagsgrundvelli og þær breytingar sem voru gerðar.

2. Verðlagsgrundvöllur kúabús og iðnaðarlíkan

Lagður fram framreiknaður verðlagsgrundvöllur fyrir marsmánuð. Gjaldaliðir verðlagsgrundvallar lækka frá desember 2023 til mars 2024 um -0,12%. Lágmarksverði til framleiðenda var síðast breytt þann 1. janúar 2024, byggt á verðlagi desembermánaðar og er því samanlögð breyting gjaldaliða einnig -0,12% frá síðustu verðlagningu. Lagt til að halda verði óbreyttu. Samþykkt. Fulltrúi ASÍ sat hjá. Verðlagsgrundvöllur fyrir mars var staðfestur.

3. Iðnaðarlíkan

Lagt var fram reiknilíkan gjaldaliða hjá mjólkursamlögum til mats á breytingum á vinnslu- og dreifingarkostnaði frá desember 2023 til mars 2024. Reiknuð hækkunarþörf líkansins er 1,32% en fram kom að útreikningur inniheldur ekki áhrif vegna kjarasamninga sem tóku gildi í febrúar og raforkuhækkana o.fl. sem lágu ekki fyrir við útreikninginn. Lagt var til að verðskrá óbreytt. Samþykkt. Fulltrúi ASÍ sat hjá.

4. Efnainnihald viðmiðunarmjólkur – erindi SAM

Lagt fram erindi SAM um skilgreiningu á efnainnihaldi viðmiðunarmjólkur lágmarksverðs til framleiðenda skv. 8. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Í lágmarksverði mjólkur er miðað við að 50% af verðinu sé greitt samkvæmt fituinnihaldi og 50% próteininnihaldi. Miðað er við meðalefnainnihald mjólkur síðustu þrjú ár og er niðurstaða útreikninga að viðmiðunarinnihald mjólkur sé 4,23% fita og 3,39% prótein. Nefndin staðfesti þessa viðmiðun á mjólkurverði.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11:15.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Arnar Freyr Einarsson